

## Siða- og starfsreglur fyrir matsaðila

Unnið af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga 2011.

### Tilgangur

Tilgangur með þessum reglum er að skapa matsaðilum siðferðilegan ramma til að starfa eftir. Reglunum er ætlað að stuðla að faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum og gefa til kynna á hvað er lögð áhersla í samskiptum matsaðila við þátttakendur og hagsmunaaðila skóla í ytra mati. Þeim er líka ætlað að skýra hvernig ætlast er til að matsaðilar bregðist við þegar þeir standa frammi fyrir siðferðilegum álitamálum við framkvæmd matsins.

### Bakgrunnur

Við gerð siða- og starfsreglna voru lagðar til grundvallar starfsreglur fyrir matsfræðinga sem amerísku matsfræðisamtökin (American Evaluation Association) hafa unnið<sup>1</sup>. Einnig voru höfð til hliðsjónar drög að siðareglum Rannís fyrir íslenskt vísindasamfélag<sup>2</sup> og Siðareglur fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild Háskóla Íslands<sup>3</sup>.

### Siða- og starfsreglur

Matsaðilar skulu ávallt hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Í störfum matsaðila í ytra mati á skólastarfi er að öðru leyti byggt á eftirfarandi:

1. Kerfisbundinni gagnaöflun
2. Hæfni matsaðila
3. Vandvirkni og heilindum
4. Virðingu fyrir fólki
5. Ábyrgð á almennri velferð þátttakenda

### Kerfisbundin gagnaöflun

Gagnaöflun er kerfisbundin sem felur í sér að matsaðilar:

- fara eftir þeim viðmiðum sem hið alþjóðlega vísindasamfélag setur sér til að ytra mat og niðurstöður þess séu marktækar og áreiðanlegar
- byggja á traustum og áreiðanlegum upplýsingum og gera góða grein fyrir nálgunum sínum og aðferðum til að fólk skilji og geti túlkað og gagnrýnt vinnu þeirra. Þeir skulu einnig útskýra takmarkanir mats og niðurstaðna þess
- afla gagna um það sem til fyrirmyndar er í skólastarfi og halda því til haga svo aðrir skólar geti dregið af því lærdóm
- sjá til þess að allar niðurstöður verði aðgengilegar hagsmunaaðilum skóla með opinberri birtingu á niðurstöðum

---

<sup>1</sup> AEA Guiding Principles for Evaluators. American Evaluation Association: [www.eval.org](http://www.eval.org)

<sup>2</sup> Tillögur að siðareglum fyrir íslenskt vísindasamfélag. Rannís: <http://rannis.is/rannis/sidareglur/>

<sup>3</sup> Siðareglur fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild Háskóla Íslands: [http://www.hi.is/files/skjol/felagsvísindasvid/deildir/felags\\_og\\_mannvisinda/Si\\_ areglur\\_lokaskjal.pdf](http://www.hi.is/files/skjol/felagsvísindasvid/deildir/felags_og_mannvisinda/Si_ areglur_lokaskjal.pdf)

## Hæfni

Matsaðilar skulu hafa þekkingu á ytra mati og hæfni sem nýtist þeim í starfi. Þeir eiga að:

- búa yfir faglegri þekkingu á skólastarfi og aðferðafræðilegri þekkingu og færni sem nýtist þeim til að meta skólastarf
- viðhalda og bæta stöðugt við þekkingu sína og hæfni til að geta veitt bestu hugsanlegu þjónustu
- vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og leiðum í þeirri viðleitni að bæta stöðugt ferli ytra mats

## Vandvirkni og heilindi

Matsaðilar tileinka sér heiðarleika í framkomu og leggja sig fram um að vinna allt matsferlið af vandvirkni og heilindum. Það gera þeir með því að:

- taka ekki að sér að meta skóla sem þeir tengjast persónulega eða í starfi, eða hafa beinna hagsmuna að gæta, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993, kafli II um sérstakt hæfi
- falska ekki né afbaka eða mistúlka upplýsingar, gögn eða niðurstöður
- tryggja trúnað við meðferð rannsóknargagna og gæta þess að persónugreinanleg gögn komist ekki í hendur óviðkomandi sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

Þegar matsaðilar hafa skilað af sér niðurstöðum eru þær eign viðkomandi sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis og lúta ráðstöfunarrétti þeirra.

## Virðing fyrir fólki

Matsaðilar virða reisn og sjálfsvitund þátttakenda og annarra hagsmunaaðila, með því að:

- fylgja grundvallarskiðareglum, s.s. varðandi trúnað gagnvart þátttakendum, upplýst samþykki fyrir þátttöku og rétt þeirra til að segja sig frá þátttöku
- framkvæma matið með þeim hætti að það valdi þátttakendum ekki skaða
- huga að líðan og tilfinningum þeirra sem matið, og niðurstöður þess, snertir. Þeir setja fram niðurstöður og kynna þær á þann hátt að reisn og sjálfsvirðingu hagsmunaaðila sé ekki ógnað
- leitast við að hámarka ávinning og draga úr neikvæðum afleiðingum sem matið getur haft í för með sér án þess þó að draga úr heiðarleika í framsetningu niðurstaðna

## Ábyrgð á almennri velferð þátttakenda

Matsaðilar bera ábyrgð á almennri velferð þátttakenda í tengslum við ytra matið og eiga að stuðla að því að það leiði til góðs fyrir þátttakendur og skólann í heild sinni. Það gera þeir með því að:

- taka tillit til ólíkra viðhorfa og gilda fólks
- gæta þess að sjónarhorn og viðhorf allra hagsmunahópa komi fram í niðurstöðum til að þær gefi ekki einhliða eða villandi mynd af skólastarfinu
- virða réttindi þátttakenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi
- leitast við að setja fram niðurstöður ytra mats á þann hátt að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstakra þátttakenda
- gera sér grein fyrir hugsanlegum hliðaráhrifum af matinu og niðurstöðum þess
- vera meðvitaðir um siðferðilegan vanda sem upp getur komið og vera viðbúnir að takast á við hann

**Matsteymi bera sameiginlega ábyrgð á að framfylgja þessum siða- og starfsreglum.**